

Nr. 18-067 S 043 Sindri VE 60***Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr. 1274
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Japan, 1972, stál
Stærð: 582,96 brl. 849,03 bt.
Mesta lengd: 57,89 m *Skráð lengd:* 53,68 m
Breidd: 9,50 m *Dýpt:* 6,50 m
Vél: Niigata, 1691 kw, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Sindri © Óskar Friðriksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. nóvember 2017 var Sindri VE 60 á togveiðum á suðvesturmiðum. Veður V 2 m/s.

Skipverji var við vinnu á þilfari við að hreinsa ánetjaðan fisk úr trollinu þegar hann stakk sig í fingurinn á karfabeini.

Við rannsókn kom fram:

- að karfabeinið stakkst inn á milli liða á vísifingri vinstri handar og eftir það gat hann ekki beygt fingurinn;
- að skipverjinn var með gúmmívettinga sem karfabeinið fór í gegnum;
- að skipverjinn fór í aðgerð til að láta fjarlægja beinið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.